hreppi í Dalasýslu, undirskrifað af konungi 13. desbr. 1895, ásamt íslenzkri þýðingu (A. nr. 41, bls. 178—179).

Lög um löggilding verzlunarstaðar í Skálavík við Berufjörð í Suður-Múlasýslu, undirskrifuð af konungi 13. desbr. 1895, ásamt ísl. þýðingu (A. nr. 42, bls. 180—181).

Lög um löggilding verzlunarstaðar á Nesi í Norðfirði, undirskr. af konungi 13. desbr. 1895, ásamt íslenzkri þýðingu (A. nr. 43, bls. 182—183).

Auglýsing um austurlenzka kólerusótt í gúvernementinu St. Pjetursborg og bólusótt í Marseille o. fl., undirskrifnð af ráðgjafanum fyrir Ísland 15. jan. 1896 (A. nr. 1, bls. 2—3).

1

Reikningur

yfir tekjur og gjöld gjafasjóðs Hannesar prestaskólakennara Árnasonar árið 1895.

Tekjur:

1.	Sjóður í ársbyrjun (Stj.tíð. 1895 B., 5. bls.):			
	a. innritunarskírteini Ltra. A. fol. 103 . . .	kr.	34000 00	
	b. lán gegn fasteignarveði . . . . , .	—	9616 67	
	c. í landsbankanum með sparisjóðskjörum . .	—	669 23	44285 90
2.	Ársvextir:			
	a. af innritunarskírteini til 11/6 og 11/12 '95 . .	kr.	1190 00	
	b. af lánum gegn fasteignarveði til 11/6 '95 . .	—	381 17	
	c. af fje í landsbankanum	—	26 86	1598 03
			Samtals kr.	45883 93

Útgjöld:

1.	Líffje Sigríðar Árnadóttur, systur gefandans til 11/6 og 11/12 '95	kr.		400 00
2.	Sjóður við árslok:			
	a. innritunarskírteini Ltra A. fol. 103 . . .	kr.	34000 00	
	b. lán gegn fasteignarveði	—	10633 34	
	c. ógoldnir vextir	—	2 00	
	d. í landsbankanum með sparisjóðskjörum . .	—	848 59	45483 93
			Samtals kr.	45883 93

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 7. janúar 1896.

Magnús Stephensen.

2

Reikningur

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra, er bíða tjón af jarðeldum, árið 1895.

Tekjur:

1. Sjóður við ársbyrjun (Stj.tíð. 1895 B. 5. bls.):